

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 12. júní, var haldinn 60. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.35. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Sigurður Björn Blöndal, Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, Eva Baldursdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Björn Gíslason, Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Helga Björg Ragnarsdóttir, Óskar J. Sandholt. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum vinnustofu um framtíð hverfisráða.
Arnar Jónsson og Arnar Pálsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer umræða um næstu skref í opnun fjármála í samræmi við tillögu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs til fjármálaskrifstofu um tímasetta áætlun vegna opinna fjármála sbr. 1. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 6. febrúar 2016.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur með tilvísun í kynningu frá fjármálaskrifstofu á stöðu opinna fjármála á fundi ráðsins þann 29. maí síðastliðinn áherslu á eftirfarandi atriði sem næstu skref í opnun fjármála borgarinnar: Birtingu á gögnunum samkvæmt opnum stöðlum, nánari sundurliðun á velferðarsviði eftir skipulagi, sundurliðun á bókhaldslykla, sundurliðun á mánuði og birtingu stakra færslna. Jafnframt er óskað eftir því að boðið verði upp á sundurliðun fjárhagsupplýsinga eftir hverfum, sbr. tillögu þar um sem vísað var til gerðar fjárhagsáætlunar á fundi borgarstjórnar þann 16. maí síðastliðinn. Viðbætur sem kalla á verulega útvíkkun gagnamagns, á borð við birtingu á færslum, geta eftir atvikum farið fram eingöngu í formi opinna gagna ef birting á vef er talin ógagnleg upp á læsileika gagnanna.

3. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að fram fari íbúakosninga í Reykjavík samhliða borgarstjórnarkosningum 2018, sbr. 5. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 23. janúar 2017, ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. apríl 2017:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar samþykkir að leggja til við Borgarstjórn Reykjavíkur að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða borgarstjórnarkosningum 2018. Stjórnkerfis- og lýðræðisráði verði falin undirbúningur og að leggja fram tillögur að spurningum sem lagðar yrðu fyrir borgarbúa í kosningunum.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar samþykkir að ráðist verði í mat á kostnaði vegna rafrænnar íbúakosningar í samræmi við bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þannig að framkvæma megi slíka kosningu í aðdraganda næstu borgarstjórnarkosninga. Inni í því mati verði atriði sem bæði snúa að framkvæmd kosningar, en einnig kostnaður vegna undirbúnings kosningar, þar með talið vegna kynningar á því málefni eða málefnum sem kosið er um. Jafnframt verði settar saman leiðbeiningar um framkvæmd slíkrar kosningar, þar á meðal hvernig standa skuli að vali á því sem kjósa skal um og hvernig standa skuli að kynningu á þeim sjónarmiðum sem til grundvallar liggja.

Samþykkt.

4. Lögð fram samantekt upplýsinga um samninga Reykjavíkurborgar við íslenska ríkið.
5. Lögð fram ábending frá stjórn íbúasamtaka Miðborgar vegna tillögu um að gera fjármál einstakra hverfa aðgengileg á netinu.
Samþykkt að vísa erindinu til fjármálaskrifstofu.
6. Fram fer kynning um menntun og þátttökulýðræði.
Ingibjörg Stefánsdóttir tekur sæti undir þessum lið.
- Kl. 14.46 vikur Björn Gíslason af fundinum.
7. Lagt fram til kynningar fundadagatal stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fyrir 2017-2018.

Fundi slitið kl. 14.59

Halldór Auðar Svansson

Sigurður Björn Blöndal
Eva Baldursdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Björn Gíslason
Jón Ingi Gíslason